

REGLUGERÐ

um almenna heimild til að binda inn- og útlán við reikningsgengi SDR og ECU.

1. gr.

Viðskiptabönkum skv. lögum nr. 86/1985 og sparisjóðum skv. lögum nr. 87/1985 er einum heimilt að stofna til innlána með ákvæðum þess efnis að innstæður og vextir af þeim skuli vera gengisbundnar eins og nánar er lýst í 2. gr.

Gengisbundin innlán með skemmri binditíma en tvö ár skulu uppfylla ákvæði bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988, sbr. bráðabirgðalög nr. 44 31. maí 1988.

2. gr.

Gengisbinding skal miðuð við reikningsgengi. Reikningsgengi er kaupgengi Seðlabankans 21. dag undanfarandi mánaðar á reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða Evrópureikningseiningu (ECU) og breytist hinn 1. hvers mánaðar. Falli gengisskráning niður á hinum ofangreinda viðmiðunardegi skal síðasta skráða kaupgengi SDR eða ECU lagt til grundvallar.

Gengisbinding verði þannig að innborganir miðist við hlutaðeigandi reikningsgengi eins og það er ákveðið skv. 1. mgr. 1. dag næsta mánaðar en beri sérstakar verðbætur hlutaðeigandi banka eða sparisjóðs innan mánaðar. Útborganir af reikningum þessum innan mánaðar bera einnig sérstakar verðbætur frá 1. degi útborgunarmánaðar til útborgunardags.

3. gr.

Nú eru aðstæður sérstakar að mati viðskiptabanka eða sparisjóðs og getur hann þá hafnað móttöku fjár á slíkan innlánsreikning. Innstæður skulu vera lausar til útborgunar tiltekna tvo mánuði á tólf mánaða tímabili.

4. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er jafnframt heimilt að lána út fé sem samsvarar innstæðum á gengisbundnum innlánsreikningum með ákvæðum þess efnis að fjárhæðir og vextir af þeim skuli breytast hlutfallslega frá gildandi reikningsgengi SDR eða ECU í þeim mánuði sem gjalddagi er, sbr. 2. gr. um gengistengingu.

5. gr.

Öðrum aðilum en um getur í 4. gr. er einnig heimilt að lána út fé með ákvæðum þess efnis að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við reikningsgengi SDR og ECU, sbr. 2. og 4. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Seðlabankinn skal auglýsa í Lögbirtingablaði nánari reglur um gengisbundin inn- og útlán, sbr. 36. gr. laga nr. 13/1979, svo og reikningsgengi það sem gildir í hverjum mánuði.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 65. gr., sbr. b-lið 4. tl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., og öðlast gildi frá og með 1. janúar 1989.

Viðskiptaráðuneytið, 27. desember 1988.

Jón Sigurðsson.

Jón Ögmundur Pormóðsson.